




ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Á MENNINGARNÓTUM



Á döfinni

16.-18. mars  
Menningardagar

3. apríl  
Páskafrí hefst

14. apríl  
Kennsla hefst eftir  
páskaleyfi

22. apríl  
Sumardagurinn fyrsti

1. maí  
Verkalýðsdagurinn

20. maí  
Uppstigningardagur

28. maí  
Íþróttadagur

Kæru nemendur og forráðamenn

Á baksíðu Flórgoðans gefur að líta yfirlit yfir þróun nemendafjölda í Áslandsskóla frá upphafi. Yfirlitið gefur góða mynd af hraðri uppbyggingu Áslandshverfis en vekur jafnframt upp umhugsun um hvað framtíðin ber í skauti sér.

Skólastjóri og formaður foreldraráðs rituðu bæjarstjóra bréf á dögnum þar sem fjallað var um framtíðarskipulag í skólamálum í Áslandi og á Völlum. Ljóst er að íbúafjöldi á Völlum eykst jafnt og þétt og þau börn sem þangað flytjast þurfa grunnskóla að ganga í. Þessum nemendum er nú beint í Áslandsskóla og verður áfram á næsta skólaári. Það sem við erum að vekja máls á er hvort ekki sé of seint að skólahald hefjist á Völlum skólaárið 2006-2007 eins og fyrirhugað er.

Bæjaryfirvöld hafa tekið vel í fyrirspurnir okkar og sýnt vangaveltum okkar skilning. Að mínu mati er ljóst að bregðast þarf við strax skólaárið 2005-2006 með einhverjum hætti. Hugmynd um að setja upp nokkurs konar útibú frá Áslandsskóla fyrir yngstu nemendurna á Völlum hefur verið reifð og er sú hugmynd að mínu mati mun álitlegri kostur en "sumarhúsabyggð" á okkar fallegu skólalóð.

Það hefur nefnilega sýnt sig í gegnum árin að slíkar skammtímalausnir eiga það til að verða "óvart" varanlegar og það er eitthvað sem við eigum ekki að sætta okkur við.

Menningardagar Áslandsskóla eru á næsta leyti. Dagskráratriði menningardaga er að finna í Flórgoðanum ásamt því að forráðamenn fá boðskort heim með nemendum. Hátíðin verður sett miðvikudaginn 17. mars kl. 14:00 á sal skólans og síðan rekur hver atburðurinn annan. Vonandi verður margt gesta í skólanum þessa daga til að virða fyrir sér vinnu nemenda.

Fjölmarginir nemendur úr unglingadeild skólans tóku á dögnum þátt í stærðfræðikeppni Flensborgarskóla. Nemendurnir voru sér og skólanum til sóma og stóðu sig einkar vel eins og sagt er frá í blaðinu.

Ákveðið var á dögnum að viðurkenna háttvísasta bekk skólans mánaðarlega. Viðurkenning þessi er ætluð þeim bekk sem sýnir góða umgengni, háttvísi í allri framkomu og kurteisi í skólanum og á stöðum honum tengdum.

Afhending fór fram á sameiginlegri morgunfund og hlutu Undraheimar þessa viðurkenningu fyrir febrúarmánuð. Stóra upplestrarkeppnin fer fram í Hafnarborg 30. mars n.k. Þar á skólinn tvo glæsilega fulltrúa, Braga og Höllu Maríu, og eru allir hvattir til að láta sjá sig og veita þeim verðskuldaðan stuðning.

*Ég vil að lokum óska nemendum Áslandsskóla og fjölskyldum þeirra gleðiríkrar páskahátíðar.*

Leifur S. Garðarsson  
Skólastjóri

***Sköpunargleði er dygð marsmánaðar***

***Virðing er dygð aprílmánaðar***

## Stærðfræðikeppni

10 efstu keppenda. Það voru þau **Sigrún Stefánsdóttir, Sveinn Bjarnason og Friðrik Björnsson**. Einn nemandi úr Garpheimum var meðal 10 efstu í sínum árgangi annað árið í röð, **Gunnar Ragnarsson**.

Til hamingju krakkar!

Jólanemendum voru meðal

## Háttvísasti bekkurinn í febrúar

Sú nýjung var viðhöfð á sameiginlegri morgunstund í skólanum þriðjudaginn 9. mars að háttvísasti bekkurinn var valinn.

Starfsfólk skólans skilaði inn tilnefningum um hvaða bekkur hefði sýnt mesta háttvísi, kurteisi, góða

umgengni og almennt góða hegðun í skólanum í febrúar.

Fyrsti bekkurinn sem kjörinn er sá háttvísasti eru **Undraheimar / 5-JR**.

Þau eru vel að þessu kjöri komin og óskum við þeim til hamingju með kjörið.

## Stóra upplestrarkeppnin

Undanúrslit Stóru upplestrarkeppninnar fóru fram í Áslandsskóla fimmtudaginn 11. mars.

Til úrslita kepptu 10 nemendur úr 7. bekk, Goðaheimum og Hetjuheimum, sem komist höfðu gegnum forkeppni. Eftirtaldir nemendur lásu til úrslita:

Ásgeir Jóhannes Gunnarsson  
Bragi Michaelsson

Brynjar Þór Eypórsson  
Fannberg

Egill Þórðarson

Halla Björg Hallgrímsdóttir

Ingibjörg Sigurðardóttir

Katrín Hulda Guðmundsdóttir

Lína Birgitta Sigurðardóttir

Sólborg Gígja Reynisdóttir

Yrsa Pálína Ingólfssdóttir


Nemendur lásu ljóð og úr þjóðsögum Jóns Árnasonar.

Sigurvegarar í keppninni urðu **Bragi Michaelsson og Halla Björg Hallgrímsdóttir** og verða þau fulltrúar Áslandsskóla á lokaúrslitum Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarborg 30. mars n.k.

Forráðamenn og allir sem vettlingi geta valdið eru hvattir til að mæta á lokaúrslitin og fylgjast með því sem þar fer fram.

Lokaúrslit eru ávallt hátíðleg stund með menningarívafi og frábært að sjá þetta unga fólk standa sig eins vel og raun ber vitni ár hvert.

Til hamingju öll fyrir frábæra frammistöðu.



***Nemendur!***  
**Muna að klæða sig**  
**eftir veðri**

## Sameiginleg morgunstund

Þriðjudaginn 9. mars var sameiginleg morgunstund á sal skólans. Sameiginlegar morgunstundir eru sannarlega komnar til að vera en þær hafa heppnast ákaflega vel eins og morgunstundir skólaársins almennt.

Á dagskránni þennan morguninn voru kvikmyndasýning um íslenskt mál frá nemendum í unglingsátt, leikrit unnið í leikrænni tjáningu frá nemendum í miðdeild og söngatriði frá Tunglheimum. Þá ræddi skólastjóri um

ýmsa þætti skólastarfsins, veitti viðurkenningar frá öskudegi og útnefndi háttvísasta bekkinn í fyrsta skipti (sjá annars staðar á síðunni). Að sjálfsgöðu var kveikt á kertum fyrir hornstoðir skólans, farið með skólaheitið og í lok morgunstundar var



## Menningardagar 2004

### Menningardagar

Áslandsskóla verða  
17. og 18. mars.

Þá daga verður **opið hús** í  
skólanum frá 14:00-16:00  
og margt skemmtilegt á  
dagskránni.

**Setningarathöfn** verður  
miðvikudaginn 17. mars kl.  
14:00 á sal skólans.

**Kaffihús** verður starfrækt í  
miðrymi á efri hæð skólans.  
Þar verður hægt að gæða  
sér á kaffi og gómsætu  
meðlæti sem nemendur  
hafa útbúið.  
Auk þess verða ýmsar  
uppákomur á kaffihúsinu.



### Meðal dagskrátriða á menningardögum:

- ◆ *Söngur* nemenda í Álfaheimum og Hulduheimum
- ◆ *Upplestur* nemenda í Goðaheimum og Hetjuheimum
- ◆ *Söngur* nemenda í 2. bekk
- ◆ Jarðheimar kynna *verkefni* sitt
- ◆ *Sýningar á leikverkum* úr leikrænni tjáningu
- ◆ Hnjúkaheimar kynna *verkefni* sitt
- ◆ *Myndasýning* og *upplestur* frá Jöklaheimum
- ◆ Undraheimar og Dulheimar flytja danskt *lag*
- ◆ Fjallheimar kynna *verkefni* sitt
- ◆ *Tískusýning* nemenda í unglingsdeild
- ◆ *Hljómsveit* nemenda í unglingsdeild
- ◆ *Stuttmyndir* í fyrirlestrarsal

*Dagskrátriði dreifast  
á dagana tvo.  
Nánar í dreifildi sem  
berst með nemendum.*



# 400N 100N 00-0: f0000000

2001										
1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	5 bekkur	6 bekkur	7 bekkur	8 bekkur	9 bekkur	10 bekkur	Samtals nemendur
25	21	17	17	19	16	9	0	0	0	124

2002										
1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	5 bekkur	6 bekkur	7 bekkur	8 bekkur	9 bekkur	10 bekkur	Samtals nemendur
39	46	29	33	21	35	22	15	0	0	240
Ljósheimar	Fjallheimar	Hnjúkaheimar	Dulheimar	Ásheimar	Goðaheimar	Jötunheimar	Garpheimar			
Skýjaheimar	Jarðheimar	Tindaheimar	Undraheimar		Heiðjuheimar					
	Jöklaheimar									

2003										
1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	5 bekkur	6 bekkur	7 bekkur	8 bekkur	9 bekkur	10 bekkur	Samtals nemendur
40	48	52	40	36	29	40	27	18	0	330
Álfheimar	Ljósheimar	Fjallheimar	Hnjúkaheimar	Dulheimar	Ásheimar	Goðaheimar	Jötunheimar	Garpheimar		
Hulduheimar	Skýjaheimar	Jarðheimar	Tindaheimar	Undraheimar	Heiðjuheimar					
	Tunglheimar	Jöklaheimar								

Kríúási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is



**Flórgoðinn**  
**FRÉTTABLAÐ ÁSLANDSSKÓLA**

**ÁBYRGÐ, HÖNNUN, UMBROT OG SKRIF:**  
**LEIFUR S. GARDARSSON, SKÓLASTJÓRI**